



# KARLAKÓR KJALNESINGA

20 ÁRA STARFSAFMÆLI

# 20/20 Tónleikar Karlakórs Kjalnesinga

20 uppákomur í tilefni 20 ára starfsafmælis

Pverfellshorn

## Desember 2010

- 8. desember  
Jólatónleikar í Langholtskirkju ásamt Freyjukórnum
- 10. desember  
Sungið á Jólahláðborði Karlakórsins Fólkvangi
- 18. desember  
50 ára afmæli Kristjáns Ragnarssonar 2. tenórs
- 20. desember  
Tónleikar á Grensásdeild og elliheimilinu  
Hlaðhömrum Mosfellsbæ

## Janúar

- 8. janúar  
40 ára afmæli Sigurðar Hanssonar 1. tenórs
- 27. janúar  
Kórabíngó í Fólkvangi

## Febrúar

- 11. febrúar  
Sungið í Víkinni á Safnanótt
- 18. febrúar  
Sungið í Mjóddinni
- 18. febrúar  
Sungið á styrktartónleikum Guðríðarkirkju

## Mars

- 5. mars  
Æfingabúðir / Góugleði

## Apríl

- 1. apríl  
Sungið í Kringlunni
- 16. apríl  
Tónleikar uppá Skjaldbreið
- 23. apríl  
Tónleikar á toppi Esju

## Mái

- 4. maí  
Vortónleikar í Langholtskirkju
- 7. maí  
Vortónleikar í Langholtskirkju
- 7. maí  
Afmælisfagnaður

## Júní

- 17. júní  
Tónleikar á Þingvöllum
- 24. júní  
Fjölskylduferð til Vestmannaeyja

## Ágúst

- 18. ágúst  
Tónleikar í Peteri kirkjunni Pétursborg
- 21. ágúst  
Tónleikar í Tallinn
- 22. ágúst  
Tónleikar í Helsinki

Nánari upplýsingar um viðburðina má nálgast á [www.karlakor.is](http://www.karlakor.is)

# UM KARLAKÓR. KJALNESINGA

Það var í byrjun árs 1991 sem nokkrir lagvissir karlar á Kjalarnesi og í Kjós settu saman sönghóp til að syngja á tilfallandi skemmtunum sveitunga sinna. Fljótlega fjölgaði í hópnum og hefur kórinn talið 35–40 félaga mörg síðustu ár og ætíð verið með sama söngstjóra, Pál Helgason.

Lagaval kórsins hefur ætíð verið fjölbreytt, sígild karlakórslög hafa löngum fylgt honum en einnig hefur kórinn spreytt sig í samstarfi við tónlistarmenn úr öðrum tegundum tónlistar.

Kórinn hefur farið í fimm ferðir til útlanda, til Þýskalands 1996, til Bandaríkjanna og Kanada 1999, til Suður Týrol 2002 með Sigurði Dementz Franssýni, til Parísar 2006 og til Berlínar 2008.

Kórinn hefur einnig víða komið fram innanlands, vortónleikar hafa verið haldnir síðan 1999 og í desember 2010 hélt kórinn sína fyrstu jólatónleika. Kórinn sér enn fremur um athafnasöng í Brautarholtskirkju á Kjalarnesi.

Kórinn er skipaður mörgum hressum hestamönnum og hafa hestaferðir ýmisskonar verið snar þáttur í félagsstarfi kórmanna sem er þó þess utan í fyrirmyndarstandi. Þannig hafa kórakvöld með tveimur til þremur gestakórum verið haldin reglulega um langa hríð.

Árið 2002 gaf kórinn út jóladiskinn *Kemur heilög hátíð* og árið 2006 *Sönghesta* sem innihélt að mestu leyti lög tengd hestamennsku. *Glaðningur* er þriðji diskur kórsins. Til gamans má geta þess að í framhaldi af útgáfu *Glaðnings* var gefið út myndband af kórfélögum ríðandi um Kjósina. Þetta myndband er um þessar mundir með daglegt áhorf og hafa þegar þessi orð eru skrifuð yfir 50 þúsund manns víða um heiminn skoðað myndbandið.

Starfsárið 2010-2011 verður annasamt því 20 ár eru liðin frá stofnun kórsins og af því tilefni ætlum við okkur að vera sýnilegir og koma fram, ýmist formlega eða óformlega, amk 20 sinnum á starfsárinu.

Í þessu riti eru tilnefndir þeir staðir sem við munum koma fram á, en nánari upplýsingar um tónleika og aðrar uppákomur verða á vefsíðu okkar, [www.karlakor.is](http://www.karlakor.is).

Við hvetjum þig lesandi góður til að láta sjá þig á einhverjum af þessum uppákomum og skemmta þér með okkur.



**NORÐURFLUG AÐSTOÐAR KARLAKÓR  
KJALARNES VÍÐ AÐ KOMAST Á „TOPPINN“.  
NORÐURFLUG ÞYRLUÞJÓNUSTA ANNAST ALLT  
FLUG HVERT Á LAND SEM ER.  
KYNNIÐ YKKUR VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR**

Norðurflug ehf. Reykjavíkurlflugvelli s: 562 2500 email: [info@heli.is](mailto:info@heli.is)